Nd. **425. Breytingartillaga**

við frv. til laga um hafnargerð á Skagaströnd.

Frá Magnúsi Guðmundssyni.

Aftan við frv. bætist svo látandi

Ákvæði um stundarsakir:

Til þeirrar byrjunar á hafnargerðinni, að leggja garð út í Spákonufellseyju, veg eftir eyjunni og bryggju út frá suðurenda hennar, má ríkisstjórnin, þegar er hún telur ástæður ríkissjóðs leyfa, verja alt að 50 þús. kr. úr ríkissjóði, gegn tilsvarandi eða alt að 75 þús. kr. framlagi úr hafnarsjóði Skagastrandar. Svo er ríkisstjórninni og heimilt að ábyrgjast alt að 75 þús. kr. lán handa hafnarsjóðnum í þessu skyni, gegn ábyrgð sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu, og tekur ákvæði annarar málsgr. í 2. gr. þessara laga eigi til þeirrar ábyrgðar.

Að öðru leyti gilda ákvæði 1.—19. gr. laganna einnig um þennan hluta verksins.